

Áróra

Ég gekk framhjá henni. Virti hana ekki viðlits við hverfissúpermarkaðinn þar sem ég átti eftir að dvelja næstu tvo mánuðina. Konan sem sat og betlaði aur. Best væri að hún héldi að ég talaði ekki tungumálið. Ég þyrfti þá kannski aldrei að tala við hana. Ég gæti látið eins og að ég skildi ekki að hún væri að betla þarna með litlu strákunum sínum tveimur. Ég gekk framhjá með tæplega eins árs dóttur mína í kerrunni og lét orð hennar sem vind um eyru þjóta. Ekki hugsaði ég meir um hana þann daginn.

Daginn eftir sýndi vinkona mín mér hverfið, kynnti mig fyrir kaupmönnum bæjarins með virktum. Dökkur, lítill strákur hljóp á eftir vinkonu minni. Hann var svo glaður að finna hana. Strákurinn greip um hönd vinkonunnar um leið og hann hjúfraði sig að hálsi hennar. Ég elti þau í gleði sinni að súpermarkaðinum þar sem þau flögruðu að konunni sem sat enn og betlaði. Þau settust hjá henni. Vinkonan kynnti mig með sínum fallegustu orðum um leið og ég seig ofaní jörðina. Hún lýsti mér fyrir Áróru sem brosti sínu blíðasta svo það glytti í gulltennum. Ég vissi að sama hvað ég vonaði þá myndi Áróra eftir ljóshærðu útlensku stelpunni með litlu stúlkuna sem strunsaði framhjá henni án þess svo mikið sem horfa á hana. Nú tók ég eftir brosi hennar. Nú tók ég eftir strákunum hennar.

Þegar vinkonan dró upp myndir handa Áróru sem hún hafði tekið af sonum hennar sökk ég enn dýpra. Vinkonan rétti henni myndirnar að gjöf og Áróra brosti enn blíðar. Áróra sagði við mig “sjáumst síðar”. Ég myndi þurfa að fara í súpermarkaðinn aftur.

Vinkonan sagði mér að Áróra væri frá Rúmeníu. Hún ætti þrjá stáka. Það væri auðveldara fyrir hana að betla í Norðurhluta Marseille en að búa í Rúmeníu. Hún getur ekki haft elsta strákinn sinn með sér vegna þess að fær ekki skólavist í Marseille. Hann býr í Rúmeníu hjá ömmu sinni til að komast í skóla. Elsti sonur Áróru er tíu ára. Stelpan mín er tíu mánaða. Ég fékk sting í hjartað. Ég er þrjátíu og þriggja. Áróra er tuttugu og níu.

Í næstu skipti spjallaði ég lengi við Áróru. Áróra og tveir yngstu synir hennar elskuðu að hitta dóttur mína og fögnuðu okkur ákaft þegar við áttum leið um hverfissúpermarkaðinn. Ég gaf þeim aur. Einn daginn höfðu þau beðið eftir okkur til að færa okkur gjöf. Það var dúkka. Strákarnir leika sér ekki með dúkkur sagði hún. Armando, yngsti sonur Áróru, gaf dóttur minni dúkkuna með stærðarinnar bros á vör. Dúkkan skyldi heita Armanda. Áróra afsakaði hversu lítil Armanda væri. Þau ættu stærri dúkku heima sem við skyldum fá næst. Dóttir mín ferðaðist með Armöndu það sem eftir var af dvöl okkar í Marseille og þegar Áróra og synir hennar sáu hve mikið gjöf þeirra gladdi lögðu þau sig fram við að færa dóttur minni gjafir í nánast hvert skipti sem við áttum leið hjá.

Ég er fegin að við skyldum ekki hafa gengið framhjá þessum glugga sem opnaðist fyrir okkur í Marseille. Þar eigum við dásamlega vini frá Rúmeníu. Ég þyrfti bara að líta upp og opna augun betur.